



Sjúkdómatrygging

Skilmáli nr. LJ30

Tryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf., kt. 570990-1449, hér eftir nefnt „Lífis“. Lífis er í eigu VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“. Lífis hefur veitt VÍS umboð til að annast alla þjónustu við viðskiptavinum Lífis vegna líf- og heilsutrygginga samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. LJ30.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Sjúkdómatrygging er fjárhagsleg vernd og tryggir þér bætur ef þú greinist með einhverjum þeirra sjúkdóma sem tryggingin nær yfir. Enginn býst við því að missa heilsuna vegna alvarlegra veikinda en staðreyndin er því miður sú að allir geta lent í þeim aðstæðum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Einnig eru tryggð börn hins tryggða, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og hann.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 3.1 Ábyrgð VÍS hefst þegar það hefur mótttekið fullbúna umsókn um sjúkdómatryggingu, að því tilskyldu að heilsa umsækjanda standist áhættumat. VÍS ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvika hefðu komið í ljós við athugun VÍS og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað. Tryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til sjötíu ára aldurs hins tryggða.
- 3.2 Ábyrgð VÍS vegna barna, stjúp- og fósturbarna hefst þegar barnið er þriggja mánaða og lýkur þegar barnið er orðið átján ára.
- 3.3 Bætur eru ekki greiddar nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á því tímabili sem tryggingin er í gildi eða tjónsatburður sem leiðir til blindu, brunasára, útlímamissis eða líffæraflutnings eigi sér stað á því tímabili sem tryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að trygging hefur fallið úr gildi er VÍS ekki bótaskyld þó að leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan tryggingin var í gildi.
- 3.4 Þegar bætur hafa verið greiddar tryggðum fellur tryggingin úr gildi, þó ekki ef bætur hafa verið greiddar vegna barns, stjúp- eða fósturbarns. Þegar bætur hafa verið greiddar vegna barns, stjúp- eða fósturbarns nýtur viðkomandi barn ekki lengur tryggingarverndar úr tryggingunni.

4. Bótasvið

VÍS greiðir bætur vegna:

4.1 Kransæðastíflu/hjartadreps (myocardial infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna ónógs blóðflæðis til þess svæðis. Öll eftirtalin einkenni þurfa að vera til staðar:

- 4.1.1 Dæmigerður brjóstverkur.
- 4.1.2 Nýjar einkennandi breytingar á hjartalínuriti.
- 4.1.3 Hækkun á sértækum ensímum fyrir hjartadrep, Tróponínnum eða öðrum lífefnafræðilegum merkjum um hjartadrep.

Þegar þú kaupir **sjúkdómatryggingu** fyrir þig ert þú bæði tryggingartaki og tryggður. Undir þína tryggingu falla líka börn þín frá 3ja mánaða aldri til 18 ára aldurs, sjá 3. gr.



Undanskilið:

- 4.1.4 Hjartadrep án ST-hækkana (NSTEMI) með hækkun á Tróponíni I eða T.
- 4.1.5 Önnur bráð kransæðatilfelli (acute coronary syndromes).

4.2 Kransæðaskurðaðgerðar/hjáveituaðgerðar

- 4.2.1 Opin brjósthólsskurðaðgerð í þeim tilgangi að laga með kransæðagræðlingsaðgerð (coronary artery bypass surgery) eina eða fleiri kransæðar sem eru þrengdar eða lokaðar. Sýna þarf fram á nauðsyn aðgerðar með kransæðamyndatöku (coronary angiography).

Undanskilið:

- 4.2.2 Kransæðavíkkun eða -blástur (angioplasty) og/eða sérhver innanæðaaðgerð.
- 4.2.3 Kógunaraðgerðir (key-hole surgery).

4.3 Hjartalokuaðgerðar (heart valve replacement).

- 4.3.1 Skurðaðgerð framkvæmd til að koma fyrir gervilokum í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Í þessu felst að gerviloku er komið fyrir í stað ósæðar-, mítur-, lungnaæðar- eða þríblöðkuloku vegna lokupregsla eða lokuleka eða hvorutveggja.

Undanskilið:

- 4.3.2 Lokuviðgerð (repair).
- 4.3.3 Lokuskurður (valvulotomy).
- 4.3.4 Lokuvíkkun eða ummyndun (valvuloplasty).

4.4 Skurðaðgerðar á ósæð

- 4.4.1 Skurðaðgerð sem framkvæmd er vegna langvinnis sjúkdóms í ósæð og nauðsynleg er til að fjarlægja hinn sjúka hluta ósæðar og koma fyrir æðabót (graft) í hans stað. Með ósæð er hér átt við hina eiginlegu ósæð í brjóst- og kviðarholi en ekki hliðargreinar hennar.

4.5 Heilablóðfalls/slags (stroke)

- 4.5.1 Sérhvert heilaæðatilfelli er veldur taugaeinkennum (neurological sequelae) sem vara í meira en 24 klukkustundir og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða segarek frá uppsprettu utan heilans. Staðfesting á skertri taugastarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði þarf að liggja fyrir.

Undanskilið:

- 4.5.2 Skammvinnnt blóðþurrðarkast í heila (TIA, Transient Ischemic Attack).
- 4.5.3 Einkenni frá taugakerfi vegna mígreni.

4.6 Krabbameins

- 4.6.1 Illkynja æxli (malignant tumor) sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma og ífarandi vexti í vefi. Sjúkdómsgreiningu verður að staðfesta með sérstakri vefjagreiningu. Hvítblæði og illkynja sjúkdómar í eitlum svo sem Hodgkinssjúkdómurinn falla einnig undir þessa skilgreiningu.

Undanskilið:

- 4.6.2 Öll CIN-stig (innanþekjuæxlisvöxtur í leghálsi).
- 4.6.3 Öll forstig illkynja æxlis (pre-malignant).
- 4.6.4 Krabbamein sem ekki vaxa ífarandi (setbundið krabbamein þ.e. "cancer in situ").
- 4.6.5 Krabbamein í blöðruhálskirtli stig 1 (T1a, 1b, 1c).
- 4.6.6 Húðkrabbamein, þar með talin illkynja sortuæxli stig 1A (T1a N0 M0).
- 4.6.7 Krabbamein þegar alnæmisveiran er til staðar (Human Immunodeficiency Virus).

4.7 Góðkynja heilaæxlis

- 4.7.1 Brottnám góðkynja heilaæxlis í svæfingu (general anaesthesia) sem leiðir til viðvarandi skerðingar á heilastarfsemi eða ef það er óskurðtækt og leiðir jafnframt til viðvarandi skerðingar á taugastarfsemi (neurological deficit).

Undanskilið:

- 4.7.2 Allar blöðrur (cysts).
- 4.7.3 Hnúðar (granuloma).
- 4.7.4 Vanskapanir á slagæðum eða bláæðum heilans.
- 4.7.5 Blóðkúlur (haematomas).
- 4.7.6 Æxli í heiladingli eða mænu.

4.8 Heila- og mænisiggs (Multiple Sclerosis)

- Ótvíræð greining heila- og mænisiggs gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar á viðurkenndum spítala. Hinn tryggði verður að hafa haft einkenni um



afbrigðilega taugastarfsemi samfelld í að minnsta kosti 6 mánuði eða að minnsta kosti tvö tilfelli, klínískt staðfest (hvort um sig með einkennum í að minnsta kosti 24 klukkustundir, með að minnsta kosti eins mánaðar millibili og frá ólíkum svæðum í miðtaugakerfinu). Þetta þarf að vera staðfest með dæmigerðum einkennum afmýlingar; röskun á hreyfigetu og skynjun, svo og dæmigerðum breytingum sem fram koma við segulómun (MRI).

4.9 Hreyfitaugangahrörnnar (MND)

Staðfesting á ákveðinni greiningu hreyfitaugangahrörnnar (þ.e. blönduð hreyfitaugangahrörnnun, frumhrörnnun hreyfitaugunga, ágeng vista, mænukylfulömun) frá sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar sem slíkur á viðurkenndum spítala. Sjúkdómurinn þarf að hafa valdið því að tryggður er algjörlega rúmfastur og ófær um að komast á fætur án aðstoðar, eða um er að ræða viðvarandi getuleysi til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: Baða sig, klæðast/afklæðast, komast á og nota salerni, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka og geta tekið lyf. Staðfesta verður lækisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði.

4.10 Líffæraflutnings

Líffæraflutningur þar sem tryggði hefur þegið hjarta, lungu, lifur, bris, smágirni, nýra eða beinmerg.

4.11 Nýrnabilunar

Nýrnabilun á lokastigi sem einkennist af langvinnri óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annaðhvort til reglubundinnar skilunar (blóðskilun eða kviðskilun) eða þess að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

4.12 Alzheimers

Klínískt staðfest greining Alzheimer-sjúkdómsins (reskiglöp, presenile dementia) fyrir 60 ára aldur sem leiðir til þess að tryggður þarfnast eftirlits og stöðugar viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdómsins eða leiðir til viðvarandi getuleysis til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: Baða sig, klæðast/afklæðast, komast á og nota salerni, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka og taka lyf. Lækisfræðileg staðfesting þarf að vera til staðar á því að þetta ástand hafi varað í að minnsta kosti 3 mánuði.

4.13 Parkinsonsveiki

Ótvíræð greining á framkominni Parkinsonsveiki af óþekktri orsök (allar aðrar tegundir Parkinsonsveiki eru undanskildar) fyrir 60 ára aldur gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar á viðurkenndum spítala. Sjúkdómurinn þarf að hafa valdið því að tryggður þarfnast eftirlits og stöðugar nærveru umönnunaraðila eða leitt til viðvarandi getuleysis til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: Baða sig, klæðast/afklæðast, komast á og nota salerni, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka og taka lyf. Staðfesta verður lækisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði.

4.14 Alvarlegs bruna

Þriðja stigs brunasár sem þekja að minnsta kosti 20% af yfirborði líkama tryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

4.15 Útlímamissis

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ofan ökkliðið vegna slyss eða vegna aflímunar af lækisfræðilegum ástæðum.

4.16 Blindu

Algjör, varanlegur og óafturkræfur missir sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

4.17 Heyrnarleysis

Algjör, varanlegur og óafturkræfur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfest af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum. Heyrnarmissir verður að vera yfir 85 desibel á öllum tíðnisviðum þess eyra þar sem heyrn er betri.

4.18 Eyðniveirusmits (HIV)/Alnæmis (AIDS)

- 4.18.1 Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS), sem rekja má til blóðgjafar og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
- Smitið er vegna blóðgjafar, sem nauðsynleg var af lækisfræðilegum ástæðum og var framkvæmd eftir að tryggingin tók gildi.
 - Heilbrigðisstofnunin, sem framkvæmdi blóðgjöfina, viðurkennir ábyrgð



- sína.
- c) Tryggður er ekki blæðari.
- 4.18.2 Eyðniveirusmits (HIV)/Alnæmis (AIDS) vegna líkamsárásar eða við skyldustörf í heilbrigðisþjónustu, slökkviliði eða lögreglu og á sér stað á gildistíma tryggingarinnar.
- a) Öll tilvik, sem hugsanlega geta leitt til bótakröfu vegna eyðniveirusmits samkvæmt gr. 4.18.2, skulu tilkynnt VÍS innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal fylgja skýrsla um atvikið og staðfesting á neikvæðri niðurstöðu úr HIV-mótefnaprófi, sem framkvæmt var strax eftir óhappið.
- b) Leggja þarf fram annað mótefnapróf, sem staðfestir að mótefni gegn eyðniveirunni (HIV), hafi komið fram innan 6 mánaða.

4.19 Heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar.

Bakteríusýking í himnum, sem umlykja heila eða mænu, greind af sérfræðingi í læknisfræði og staðfest með sérstökum rannsóknum (t.d. blóð- og mænuvökvarannsóknnum, tölvusneiðmyndum eða segulómum af heila). Sjúkdómurinn þarf að hafa valdið því að tryggður sé varanlega ófær um að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: Baða sig, klæðast/afklæðast, komast á og nota salerni, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka og geta tekið lyf. Staðfesta verður læknifræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði.

VÍS greiðir ekki bætur vegna:

- 4.20 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem rekja má beint eða óbeint til ástands barns, stjúp- eða fósturbarns fyrir gildistöku tryggingarinnar sem tryggður vissi eða mátti vita um. Með sama hætti greiðast ekki bætur vegna sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem sannanlega má rekja til ástands barns fyrir þann tíma er trygging tekur gildi þ.e. við þriggja mánaða aldur sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda aflar VÍS ekki upplýsinga um heilsufar barnsins.
- 4.21 Krabbameins, heila- og mænusiggs, heyrnarmissis, og heilahimnubólgu, sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku tryggingarinnar.
- 4.22 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar ef tryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tryggingaratburður átti sér stað. Sama gildir um tryggð börn, stjúp- og fósturbörn.
- 4.23 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem beint eða óbeint er af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum stryrjalda, innrásar, upppots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.24 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
- 4.25 Sjúkdóms nema greining hafi verið samþykkt af íslenskum sérfræðingi í viðkomandi sérgrein.

5. Tryggingarfjárhæð

- 5.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Tryggingarfjárhæð barns er 50% af tryggingarfjárhæð þeirri sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hámark bóta vegna hvers barns er kr. 10.456.000¹ jafnvel þó að í gildi séu hjá VÍS fleiri en ein trygging sem barnið gæti átt bótarétt úr.
- 5.3 Greiðslur bóta úr tryggingunni vegna barna, stjúp- og fósturbarna hafa ekki áhrif á tryggingarfjárhæð annarra tryggðra.
- 5.4 Tryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs.
- 5.5 Lækki vísitalan hefur það ekki áhrif til lækkunar á tryggingarfjárhæð.

6. Réttur til hækkunar tryggingarfjárhæðar án yfirlýsingar um heilsufar

- 6.1 Ef iðgjald fyrir trygginguna er ákveðið án aukaiðgjalds getur tryggður sótt skriflega um hækkun á tryggingarfjárhæðinni án frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan þriggja mánaða frá því annað hvort eftirgreindra atvika á sér stað:
- a) Tryggður eignast barn á tryggingartímanum.
- b) Tryggður ættleidir á tryggingartímanum barn sem er yngra en 18 ára.
- 6.2 Hámarkshækkun tryggingarfjárhæðar er 25% fjárhæðarinnar, en þó að hámarki kr. 3.945.000² fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.
- 6.3 Þessi réttur fellur niður við 45 ára aldur tryggðs.
- 6.4 Við hækkun tryggingarfjárhæðar hækkar iðgjald tryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá VÍS. Hækkun iðgjalds tekur gildi á næsta gjalddaga eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt.

¹ Miðað við vísitölu neysliverðs 364,1 stig.

² Miðað við vísitölu neysliverðs 364,1 stig.



- 6.5 Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta eða tryggður hefur greinst með einhvern þeirra sjúkdóma eða gengist undir einhverja þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í 4. gr.

7. Upplýsingaskylda við gerð tryggingarsamnings

- 7.1 Tryggingartaki, eða eftir atvikum tryggður, skal veita VÍS þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð tryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita VÍS upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat VÍS á áhættu.
- 7.2 Verði tryggingartaka eða tryggðum ljóst að hann hefur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna skal hann án ástæðulauss dráttar skýra VÍS frá því.
- 7.3 Hafi tryggingartaki eða tryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð VÍS fallið niður í heild eða hluta.

8. Áhættubreyting

- 8.1 Tilkynna ber tafarlaust til VÍS sérhverja breytingu sem getur haft áhrif á áhættu VÍS, t.d. varðandi reykingar eða tólmstundir er hafa sérstaka áhættu í för með sér. Láti tryggingartaki eða tryggður hjá líða að tilkynna VÍS um áhættubreytingu getur það valdið réttindamissi samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Útreikningur iðgjalds

- 9.1 Iðgjald tryggingarinnar er háð aldri og kyni og því hvort tryggður reykir og breytist árlega við endurnýjun. Ef iðgjald greiðist á fleiri en einum gjalddaga á ári hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og tryggingarfjárhæðin. Hækki tryggingarfjárhæð um meira en 35% innan hvers árs vegna hækkunar vísitölu neysluverð áskilur VÍS sér rétt til innheimtu viðbótariðgjalds vegna hækkunar umfram það mark.
- 9.2 VÍS áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, breytingu á kaupmætti íslensku krónunnar og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótgrundvellingum.

10. Greiðsla iðgjalds

- 10.1 Fyrsta iðgjald fyrir trygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi tryggingarinnar.
- 10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu tryggingarsamningsins, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Endurgreiðsla iðgjalds

- 11.1 Falli tryggingarsamningur úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur endurgreiðir VÍS iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem tryggður hefur greitt fyrir og tryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef tryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda tryggingarfjárhæð.

12. Iðgjaldafrelsi vegna missis starfsorku

- 12.1 Hafi tryggður misst starfsorku sína eða hún skerst um a.m.k. helming öðlast hann rétt til iðgjaldafrelsis þann tíma sem starfsorkumissirinn varir umfram sex mánuði, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs og ekki vegna tryggingaratburða sem eru bótaskyldir samkvæmt 4. gr. skilmálans. Iðgjaldafrelsi veitist þó ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann frá því er beiðni um iðgjaldafrelsi barst VÍS.
- 12.2 Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis og skerðing starfsorku um 50% eða meira til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds. Tryggður öðlast þó ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan hefur skerst vegna misnotkunar áfengra drykkja eða ávana og fíkniefna.
- 12.3 Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg. Henni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum VÍS að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi ber að leggja hæfni tryggðs til að gegna fyrra starfi og möguleika til að gegna öðrum störfum.
- 12.4 Tryggða er skylt að tilkynna VÍS strax er hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu. VÍS getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar hans meðan hann nýtur iðgjaldafrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.
- 12.5 VÍS tilkynnir tryggingartaka skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

13. Skuldajöfnun

- 13.1 VÍS hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn tryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



14. Uppsögn á tryggingartímabili

- 14.1 VÍS getur sagt upp tryggingunni:
- Með 14 daga fyrirvara, ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um tryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
 - Fyrirvaralaust, ef tryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um tryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 14.2 Tryggingartaki getur slitið tryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

15. Tilkynning um tryggingaratburð

- 15.1 Tryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna VÍS um tryggingaratburð.
- 15.2 Tryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir VÍS ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.

16. Ásetningur

- 16.1 Ef tryggingaratburður verður rakinn til ásetnings tryggðs á hann enga kröfu á hendur VÍS um bætur, nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.
- 16.2 Bætur eru ekki greiddar ef tryggingaratburður er afleiðing af tilraun til sjálfsvígs innan árs frá því tryggingin öðlaðist gildi, nema sannað sé að tryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg væri haft í huga.

17. Sviksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur sviksamlega háttsemi gagnvart VÍS missir allan rétt samkvæmt tryggingarsamningi. Sé um fleiri tryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama tryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

18. Krafa um bætur

Tryggður getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að VÍS átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta ábyrgð VÍS, sbr. 121. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

20. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

- 20.1 Við uppgjör bóta skal tryggður veita VÍS upplýsingar og gögn sem hann hefur undir höndum og VÍS þarf til þess að meta ábyrgð sína og ákvarða bætur.
- 20.2 Ef tryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum tryggingarsamningum vegna hins tiltekna tryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur tryggður þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ennfremur getur slík háttsemi leitt til uppsagnar tryggingarsamnings, sbr. gr. 14.1.

21. Fyrning

Krafa um tryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem tryggingaratburður varð.

22. Frestur til að leita úrræða

Ef VÍS hafnar kröfu tryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

23. Veðsetning

Tryggður hefur heimild til þess að veðsetja tryggingu þessa, sbr. 107. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



24. Tilkynning um aðsetursskipti

Tryggingartaki skal tilkynna VÍS tafarlaust ef hann flyst búferlum.

25. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða tryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

26. Meðferð ágreiningsmála

26.1 Heimilt er að leggja ágreining við VÍS fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

26.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

27. Varnarþing

Heimili VÍS og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af tryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.